

I	EES-STOFNANIR	
1.	EES-ráðið	
2.	Sameiginlega EES-nefndin	
3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
4.	Ráðgjafarnefnd EES	
II	EFTA-STOFNANIR	
1.	Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
3.	EFTA-dómstóllinn	
III	EB-STOFNANIR	
1.	Ráðið	
2.	Framkvæmdastjórnin	
2009/EES/2/01	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5228 – Rabobank/BGZ) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	1
2009/EES/2/02	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5418 – Blackfriars/Vink Holding) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	2
2009/EES/2/03	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5423 – Costa/MS/MPCT) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.	3
2009/EES/2/04	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5425 – Doprastav/Ceskomoravsky beton/TBG Doprastav) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	4
2009/EES/2/05	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5439 – OP Trust/Deutsche Bank London/Lloyds TSB Bank/BNP Paribas/Porterbrook Leasing) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.	5
2009/EES/2/06	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5443 – Otsuka Pharmaceutical/Nardobel) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	6

2009/EES/2/07	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5450 – Kühne/HGV/TUI/Hapag-Lloyd)	7
2009/EES/2/08	Ríkisaðstoð – Frakkland – Málsnúmer C 37/08 – Framfylgd ákvörðunarinnar „Sernam 2“ – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans	8
2009/EES/2/09	Orðsending frá efnahagsráðherra Konungsríkisins Hollands á grundvelli 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni	9
2009/EES/2/10	Orðsending stjórnvalda á Írlandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni (auglýsing um úthlutunarlotu 2009 – Rockall-dældin)	10
2009/EES/2/11	Auglýsing eftir tillögum – EACEA/35/08 – Framkvæmd ytra samstarfs samkvæmt Erasmus Mundus háskólaárið 2009–2010 – Bandalagsáætlun um aðgerðir til að efla samstarf milli æðri menntastofnana og skipti á nemendum, vísindamönnum og háskólafólki í aðildarríkjum Evrópusambandsins og löndum utan þess	11
2009/EES/2/12	Auglýsing eftir tillögum 2009 – Áætlunin Virk æska 2007–2013	13

3. Dómstóllinn

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2009/EES/2/01

(Mál COMP/M.5228 – Rabobank/BGZ)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. janúar 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem hollenska fyrirtækið Rabobank International Holding BV („Rabobank“) öðlast að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í pólska fyrirtækinu Bank Gospodarki Żywnościowej SA („BGZ“), sem lýtur nú yfirráðum Rabobank og ríkissjóðs Póllands, með breytingu á samþykktum BGZ.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Rabobank: banka- og lánastofnun sem starfar á sviði almennrar bankaþjónustu við einstaklinga og fyrirtæki, veitir fjármálaþjónustu og lánar til húsnæðiskaupa
 - BGZ: almenn bankaþjónusta við einstaklinga, lítil og meðalstór fyrirtæki, stórfyrirtæki og opinberar stofnanir; sérsvið BGZ er bankaþjónusta við íbúa í dreifbýli og á litlum þéttbýlisstöðum og viðskiptamenn í landbúnaði og matvælavinnslu
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 11, 16. janúar 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5228 – Rabobank/BGZ, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5418 – Blackfriars/Vink Holding)**

2009/EES/2/02

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. janúar 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Blackfriars Corporation („Blackfriars“), sem tilheyrir hinu bandaríska Blackfriars Group, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í hollenska fyrirtækinu Vink Holding BV, danska fyrirtækinu Vink Nordic Holding AS og þýska fyrirtækinu Vink Kunststoffe GmbH, einu nafni „Vink Holding“.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Blackfriars: heildsala og dreifing á raftækjum og plastvörum til iðnaðar-, byggingar- og skiltagerðarfyrirtækja í Bandaríkjunum og Bretlandi
 - Vink Holding: heildsala og dreifing á hálfunnum plastvörum til iðnaðar-, byggingar- og skiltagerðarfyrirtækja í ýmsum löndum á meginlandi Evrópu
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 10, 15. janúar 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5418 – Blackfriars/Vink Holding, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5423 – Costa/MSC/MPCT)

2009/EES/2/03

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. janúar 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem ítalska fyrirtækið Costa Crociere SpA („Costa“), sem lýtur yfirráðum hins bandaríska Carnival Corporation & plc, og svissneska fyrirtækið MSC Crociere SA („MSC“), sem lýtur yfirráðum Mediterranean Shipping Company Holding SA, öðlast í sameiningu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtæki, hinu franska Marseille Provence Cruise Terminal SAS („MPCT“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Costa: rekstur skemmtiferðaskipa
 - MSC: rekstur skemmtiferðaskipa
 - MPCT: rekstur hafnaraðstöðu fyrir skemmtiferðaskip samkvæmt sérleyfi Port Autonome de Marseille
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 10, 15. janúar 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5423 – Costa/MSC/MPCT, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5425 – Doprastav/Ceskomoravsky beton/TBG Doprastav)

2009/EES/2/04

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. janúar 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 (1) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem slóvaska fyrirtækið Doprastav, a.s., sem tilheyrir DDM-samsteypunni, og tékkneska fyrirtækið Ceskomoravsky beton, a.s., sem tilheyrir samsteypunni HeidelbergCement, öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtæki, hinu slóvaska TBG Doprastav, a.s.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Doprastav, a.s.: byggingastarfsemi, framleiðsla á byggingarefnum
 - Ceskomoravsky beton, a.s.: framleiðsla á byggingarefnum, byggingastarfsemi
 - TBG Doprastav, a.s.: framleiðsla og dreifing á steinsteypu
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 (2).
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 7, 13. janúar 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni Doprastav/Ceskomoravsky beton/TBG Doprastav, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

(1) Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

(2) Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2009/EES/2/05****(Mál COMP/M.5439 – OP Trust/Deutsche Bank London/Lloyds TSB Bank/BNP Paribas/Porterbrook Leasing)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. desember 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem kanadíska fyrirtækið OPSEU Pension Plan Trust Fund („OP Trust“), þýska fyrirtækið Deutsche Bank AG („DB“) og bresku fyrirtækin Lloyds TSB Bank plc („Lloyds“) og Antin Infrastructure Partners FCPR („AIP“), fjárfestingasjóður á vegum hins franska BNP Paribas SA („BNP“), öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í breska fyrirtækinu Porterbrook Leasing Company Limited og dótturfélögum þess („Porterbrook“), en það lýtur nú yfirráðum DB, Lloyds og AIP í sameiningu.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - OP Trust: rekstur eins stærsta lífeyrissjóðs Kanada
 - DB: fjármálaþjónusta um allan heim
 - Lloyds: samsteypa fjármálaþjónustufyrirtækja sem selja banka- og fjármálaþjónustu í Bretlandi og öðrum löndum
 - AIP: fjárfestingasjóður á vegum BNP
 - BNP: banka- og fjármálaþjónusta í Frakklandi og öðrum löndum
 - Porterbrook: rekstrarleiga á öllum tegundum járnbrautarvagna og tilheyrandi búnaði, ásamt viðhaldsþjónustu; viðskiptamenn eru fyrirtæki sem reka járnbrautarlestir og fraktflutninga-fyrirtæki í Bretlandi
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 7, 13. janúar 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni OP Trust/Deutsche Bank London/Lloyds TSB Bank/BNP Paribas/Porterbrook Leasing, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5443 – Otsuka Pharmaceutical/Nardobel)

2009/EES/2/06

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. desember 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem japanska fyrirtækið Otsuka Pharmaceutical Co. Ltd. („Otsuka“) öðlast með verðbréfa kaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrirnefndrar reglugerðar, í franska fyrirtækinu Nardobel SAS.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Otsuka: framleiðsla og sala á lyfjum, matvælum (fæðubótarefnum og vatni) og íðefnum til nota í iðnaði
 - Nardobel SAS: framleiðsla og sala á megrunarmatvöru og lyfjum sem eru unnin úr jurtum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 7, 13. janúar 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5443 – Otsuka Pharmaceutical/Nardobel, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5450 – Kühne/HGV/TUI/Hapag-Lloyd)

2009/EES/2/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. desember 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýsku fyrirtækin Kühne Holding AG („Kühne“), HGV Hamburger Gesellschaft für Vermögens- und Beteiligungsmanagement mbH („HGV“) og TUI AG öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í þýska fyrirtækinu Hapag-Lloyd AG („HL AG“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Kühne: eignarhaldsfélag, vörustjórnun (m.a. fraktsendingar á sjó), tryggingamiðlun og fasteignasala, landflutningar
 - HGV: fjárfestinga- og eignarhaldsfélag Hamborgarborgar; rekur m.a. gámafarmstöðvar, veitir farmstöðvaþjónustu og stundar landflutninga
 - TUI AG: ferðaþjónusta og útgerð, áætlanasiglingar fraktskipa, siglingar skemmtiferðaskipa, landflutningar
 - HL AG: gámaflutninga- og gámastöðvaþjónusta í höfnum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 7, 13. janúar 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5450 – Kühne/HGV/TUI/Hapag-Lloyd, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ríkisaðstoð – Frakkland

2009/EES/2/08

Málsnúmer C 37/08 – Framfylgd ákvörðunarinnar „Sernam 2“⁽¹⁾

Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans í tengslum við ofangreinda ríkisaðstoð, sjá [Stjtið. ESB C 4, 9.1.2009](#).

Framkvæmdastjórnin birtir þessa auglýsingu til þess að gefa EES-ríkjunum og öðrum áhugaaðilum færi á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdafrestur er einn mánuður frá því að auglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og skal senda athugasemdirnar til:

European Commission
Directorate-General for Energy and Transport
Directorate A – General Affairs and Resources
Rue de la Loi/Wetstraat 200
B-1049 Bruxelles/Brussels

Fax +32 22964104

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Frakklandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

⁽¹⁾ „Sernam 2: Skýrsla um aðstoð til endurskipulagningar“ – Frakkland – 20. október 2004 (bréf SG-Greffe (2004) D/204895).

**Orðsending frá efnahagsráðherra Konungsríkisins Hollands á grundvelli 2. mgr. 2009/EES/2/09
3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og
notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni**

Efnahagsráðherra gjörir kunnugt að borist hefur umsókn um leyfi til kolvetnisleitar á svæði sem markast af svæðinu, sem fellur undir leitarleyfin „Andel IV“ (Staatscourant (hollenska lögbirtingablaðið) 113, 14. júní 2006), „Andel III“ (Staatscourant 113, 14. júní 2006) og „Utrecht“ (Staatscourant 85, 3. maí 2007), beinni línu milli punktanna A og B frá punkti A til skurðpunktur þessarar línu við svæðið sem Utrecht-leitarleyfið tekur til, beinum línunum milli punktanna A, B, C, D, E, F, G og H og beinni línu milli punktanna G og H frá punkti H til skurðpunktur þessarar línu við svæðið sem Andel IV-leitarleyfið tekur til. Þessi umsókn tekur ekki til svæðisins sem fellur undir leitarleyfið „Waalwijk“ (Staatscourant 8, 11. janúar 2006).

Hnitpunktar svæðisins, sem um ræðir, eru sem hér segir:

Hornpunktur	X	Y
A	153329,000	419368,000
B	162400,000	419368,000
C	186939,000	390264,000
D	186939,000	375600,000
E	151430,000	375600,000
F	130074,000	390264,000
G	115338,000	390264,000
H	115338,000	413290,000

Hnitin eru samkvæmt kerfi Hornamælinga ríkisins (Rijksdriehoeksmeting).

Flatarmál svæðisins, sem umsóknin tekur til, er 2 137 km².

Með tilvísun til ofangreindrar tilskipunar og 15. gr. námálaga („Mijnbouwwet“) (Staatsblad (hollensku stjórnartíðindin) nr. 542, 2002) auglýsir efnahagsráðherra eftir samkeppnisumsóknum um leyfi til kolvetnisleitar á svæðinu sem hér ræðir um.

Úthlutun leyfa er í höndum efnahagsráðherra. Viðmið, skilmálar og kröfur, sem um getur í 1. og 2. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 6. gr. ofangreindrar tilskipunar, koma fram í námalögum („Mijnbouwwet“) (sjá Staatsblad nr. 542, 2002).

Tekið verður á móti umsóknum í 13 vikur eftir að auglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (24.12.2008) og ber að senda þær efnahagsráðherra:

De Minister van Economische Zaken
ter attentie van J.C. De Groot, directeur Energiemarkt
ALP/562
Postbus 20101
2500 EC Den Haag
Nederland

Umsóknir, sem berast eftir að fresturinn rennur út, verða ekki teknar til greina.

Ákvörðun um umsóknirnar verður tekin eigi síðar en tólf mánuðum eftir að fresturinn rennur út.

Nánari upplýsingar fást í síma (31-70) 379 77 62 (tengiliður: E.J. Hoppel).

Orðsending stjórnvalda á Írlandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni **2009/EES/2/10**

(Auglýsing um úthlutunarlotu 2009 – Rockall-dældin)

Samgöngu-, orku- og auðlindaráðherra gjörir kunnugt, í samræmi við ákvæði staflíðar a) í 2. mgr. 3. gr. ofangreindrar tilskipunar, að breyting hefur orðið á því hvaða svæði eru laus til umsóknar við stendur Írlands. Auglýst er eftir umsóknum um rannsóknarleyfi á jaðarsvæði í Rockall-dældinni.

Ákvæðið hefur verið að svæði í Rockall-dældinni, sem tekur til 477 heilla leitarsvæða og 44 leitarsvæðahluta, skuli skilgreint sem jaðarsvæði og boðið út í úthlutunarlotu olíuleitarleyfa. Umsóknarfrestur í þessari lotu rennur út 22. apríl 2009 og fyrir þann tíma verður hvorki úthlutað rannsóknarleyfum né leyfisvildunum fyrir leitarsvæðin sem eru laus til umsóknar.

Umsóknir um leyfi skulu beinast fyrst og fremst að samfelldum, reglulega löguðum svæðum á heildarsvæðinu sem úthlutunarlotan varðar. Leyfisumsóknirnar skulu taka til svæða sem samsvara eigi færri en tveimur og eigi fleiri en átta heilum leitarsvæðum.

Upplýsingar um leitarsvæði, sem eru laus til umsóknar, og skilyrði fyrir því að umsóknir verði teknar til greina má nálgast í [Stjútíð. ESB C 329, 24.12.2008](#), bls. 27.

Á eftirfarandi vefsíðu er birt kort af svæðinu ásamt sérreglum og leiðarvísi um gerð umsókna sem gilda í þessari úthlutunarlotu:

<http://www.dcenr.gov.ie/Natural/Petroleum+Affairs+Division/Rockall+2009+Frontier+Licensing+Round.htm>

Einnig veitir upplýsingar:

Des Byrne
Petroleum Affairs Division
Department of Communications, Energy and Natural Resources
29–31 Adelaide Road
Dublin 2
Ireland

Netfang: Des.Byrne@dcenr.ie
Sími (353-1) 678 26 93

AUGLÝSING EFTIR TILLÖGUM – EACEA/35/08**2009/EES/2/11****Framkvæmd ytra samstarfs samkvæmt Erasmus Mundus háskólaárið 2009–2010****Bandalagsáætlun um aðgerðir til að efla samstarf milli æðri menntastofnana og skipti á nemendum, vísindamönnum og háskólastarfsmönnum í aðildarríkjum Evrópusambandsins og löndum utan þess****1. MARKMIÐ OG LÝSING**

Markmiðið með ytra samstarfi samkvæmt Erasmus Mundus áætluninni er að auðga samskipti og bæta skilning milli Evrópusambandsins og annarra ríkja. Því er ætlað að efla stofnanasamvinnu á sviði háskólamenntunar milli Evrópusambandsríkjanna og annarra landa með mannaskiptakerfi sem gerir námsmönnum og háskólaþólki kleift að ferðast milli landa til náms, kennslu, þjálfunar og rannsókna.

Vakin skal athygli á að þetta er í þriðja skipti sem auglýst er eftir tillögum um ytra samstarf samkvæmt Erasmus Mundus og að ytra samstarf samkvæmt áætluninni hefur verið fellt inn í hina nýju Erasmus Mundus II áætlun, sem hefur að markmiði að efla stofnanasamstarf og mannaskipti.

2. HLOTGENGIR UMSÆKJENDUR OG LÖND

Tekið verður við umsóknum frá háskólum og æðri menntastofnunum í Evrópuríkjunum sem eru fulltrúar samstarfsverkefna stofnana frá allt að 20 mismunandi ríkjum.

Stofnanir, sem taka þátt í samstarfinu, verða að vera bæði æðri menntastofnanir í Evrópuríkjum sem hafa gert háskólasamning samkvæmt Erasmus-áætluninni áður en auglýsing þessi birtist og æðri menntastofnanir í öðrum ríkjum sem njóta viðurkenningar þarlendra stjórnvalda.

Starfsemin verður að fara fram í landi sem er hlutgengt samkvæmt þessari auglýsingu. Lönd í eftirtöldum þremur ríkjahópum eru hlutgeng:

- Aðildarríki Evrópusambandsins, alls 27.
- Ríki sem bíða aðildar (Króatía og Tyrkland) og EES-ríkin (Ísland, Liechtenstein og Noregur).
- Eftirtalin lönd og landsvæði utan Evrópusambandsins:

Argentína, Brasilía, Kína, Rússland, Indland, ríki í Asíu, lýðveldin í Mið-Asíu, rómanska Ameríka, Mið-Austurlönd, nágrennalönd Evrópusambandsins í suðri og austri og ríkin á vestanverðum Balkanskaga.

3. STYRKHÆF STARFSEMI

Styrkir Evrópubandalagsins eiga að auðvelda fjármögnun samvinnuverkefna æðri menntastofnana í Evrópusambandsríkjunum og öðrum ríkjum sem taka til eftirfarandi starfsemi:

- skipulagningar á námsdvöl háskólanema og starfsdvöl háskólastarfsmanna, og
- framkvæmdar á náms- og starfsdvöl. Heimilt er að styrkja eftirtalda flokka náms- og starfsdvalar og menntunar:
 - Námsmenn: námsdvöl sem tengist grunnnámi, meistaranámi, doktorsnámi og námi að loknu doktorsprófi.
 - Háskólastarfsmenn: skipti í þeim tilgangi að stunda kennslu, þjálfun og rannsóknir.

Áætlaður verkefnistími má ekki vera lengri en 48 mánuðir.

Styrkhæf starfsemi, að meðtöldum undirbúningi, má hefjast 15. júlí 2009 að því tilskildu að samningar hafi verið undirritaðir. Allri starfsemi skal vera lokið fyrir 15. júlí 2013.

Náms- eða starfsdvöl skal hefjast eigi síðar en 1. september 2010 nema til komi óviðráðanlegar ástæður sem þá ber að gera fulla grein fyrir og að fengnu leyfi framkvæmdastofnunarinnar fyrirfram.

4. VIÐMIÐ VIÐ ÚTHLUTUN

Viðmið, sem ráða úthlutun, gera kleift að meta gæði tillagna, sem lagðar hafa verið fram, með hliðsjón af settum markmiðum og forgangsatríðum þannig að styrkir renni til starfsemi sem stuðlar að hámarksskilvirkni auglýsingarinnar.

Eftirtalin viðmið verða notuð við mat á umsóknum og stig gefin allt að 100:

- Rekstrargeta og sérfræðiþekking umsækjanda og samstarfsstofnana hans (vægi: 10 af 100)
- Gildi starfseminnar með hliðsjón af markmiðum auglýsingarinnar (vægi: 25 af 100)
- Aðferðir sem notaðar eru við stjórnun samstarfsins og framkvæmd náms- og starfsdvalar (vægi: 50 af 100)
- Sjálfbærni (vægi: 15 af 100)

5. FJÁRVEITING

Áætluð heildarfjárveiting í tengslum við þessa auglýsingu eftir tillögum er EUR 163,5 milljónir og skiptist þannig eftir landsvæðum og löndum:

Landsvæði	Samstarfs- grundvöllur	Áætluð heildarfjárhæð	Áætlaður fjöldi verkefna sem styrkt verða
Ríki við sunnanvert Miðjarðarhaf, ríki í austanverðri Evrópu og Rússland	ENPI	EUR 29 milljónir	8
Jemen, Íran og Írak	DCI	EUR 3 milljónir	1
Lýðveldin í Mið-Asíu	DCI	EUR 5 milljónir	2
Ríkin á vestanverðum Balkanskaga	IPA	EUR 8,5 milljónir	2
<i>Ríki í Asíu</i>			
Asíuríki	DCI	EUR 20 milljónir	4
Indland	DCI	EUR 19 milljónir	4
Kína	DCI	EUR 26 milljónir	5
<i>Rómanska Ameríka</i>			
Brasilía	DCI	EUR 9,3 milljónir	3
Argentína	DCI	EUR 2,1 milljónir	1
Rómanska Ameríka	DCI	EUR 41,6 milljónir	13

6. UMSÓKNARFRESTUR

Frestur til að leggja fram umsóknir rennur út 13. mars 2009. Umsóknir skulu sendar á neðangreint póstfang:

Education, Audiovisual and Culture Executive Agency
 Call for proposals 'Erasmus Mundus – External Cooperation Window 08'
 Unit P4
 Avenue du Bourget 1 (BOUR 00/37)
 B-1140 Brussels

Skylt er að senda rafræna gerð umsóknarinnar ásamt fylgiskjölum á eftirfarandi netfang:

EACEA-EM-EXTCOOP@ec.europa.eu

Aðeins verða teknar til greina umsóknir sem berast á réttu umsóknareyðublaði, rétt útfylltu og með stimpli og vottun lögbærs fulltrúa hinnar evrópsku æðri menntastofnunar sem leggur umsóknina fram.

7. NÁNARI UPPLÝSINGAR

Leiðarvísi fyrir umsækjendur og umsóknareyðublað er að finna á eftirfarandi vefsetri:

<http://eacea.ec.europa.eu/extcoop/call/index.htm>

Umsóknir verða að berast á réttu umsóknareyðublaði og þeim verða að fylgja öll nauðsynleg fylgiskjöl.

Auglýsing eftir tillögum 2009 – Áætlunin Virk æska 2007–2013

2009/EES/2/12

Auglýst er eftir tillögum á grundvelli ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1719/2006/EB frá 15. nóvember 2006 um að koma á áætluninni „Virk æska“ fyrir tímabilið 2007–2013 ⁽¹⁾, er nefnist hér „áætlunin Virk æska“. Allar upplýsingar um skilyrði, sem sett eru í tengslum við þessa auglýsingu eftir tillögum, er að finna í leiðarvísi fyrir áætlunina Virk æska (2007–2013) sem birtur er á Europa-vefsetrinu.

Í ákvörðuninni, sem liggur áætluninni Virk æska til grundvallar, eru sett eftirtalin almenn markmið:

- „Að stuðla að virkri þátttöku ungmenna almennt í samfélaginu og einkum í Evrópusamfélaginu“
- „Að þróa samstöðu og stuðla að umburðarlyndi meðal ungs fólks, einkum í því skyni að efla félagslega samheldni í Evrópusambandinu“
- „Að efla gagnkvæman skilning milli ungs fólks í ólíkum löndum“
- „Að stuðla að því að þróa góð stuðningskerfi fyrir æskulýðsstarf og hæfni borgaralegra samfélagsstofnana á sviði æskulýðsmála“
- „Að stuðla að evrópsku samstarfi á sviði æskulýðsmála“

Eftirtalin ríki eiga aðgang að áætluninni:

- a) Aðildarríki Evrópusambandsins
- b) Öll EFTA-ríki sem eiga aðild að EES-samningnum, í samræmi við ákvæði þess samnings (Ísland, Liechtenstein og Noregur)
- c) Ríki sem sótt hafa um aðild að Evrópusambandinu og njóta ákvæða áætlunar um slík ríki, í samræmi við almenn sjónarmið og almenn skilyrði og tilhögun sem mælt er fyrir um í rammasamningum sem gerðir hafa verið við þessi ríki vegna þátttöku þeirra í bandalagsáætlunum (Tyrkland)
- d) Ríki utan Evrópubandalagsins sem hafa gert samninga við það á sviði æskulýðsmála

Heildarfjárveiting vegna áætlunarinnar er EUR 885 milljónir á árunum 2007–2013.

Um heildartexta auglýsingarinnar sjá [Stjtið. ESB C 328, 23.12.2008](#), bls. 33. Nánari upplýsingar er að finna í leiðarvísi fyrir áætlunina Virk æska sem er birtur á eftirfarandi vefsetrum:

<http://ec.europa.eu/youth>

http://eacea.ec.europa.eu/youth/index_en.htm

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 327, 24.11.2006, bls. 30.